

Stefna í málefnum dægradvala

í grunnskólum Kópavogs



Kópavogsbær



Stefna í málefnum dægradvala

Í dægradvölum grunnskóla Kópavogs er boðið upp á frístundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur fyrir börn í 1.– 4. bekk.

Leiðarljós

Dægradvalir eru hluti af starfi grunnskólanna.

Í daglegu starfi dægradvala er lögð áhersla á frjálsan leik og óformlegt nám barna með virkri þátttöku í tómstundastarfi í öruggu umhverfi.

Börnin eiga að fá tækifæri til að takast á við verkefni sem hæfa aldri þeirra og þroska.

Áhersla er lögð á að flétta grunnþætti menntunar, sem eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun, inn í daglegt starf.

Öll börn, óháð getu, þroska eða fötlun skulu eiga kost á að taka þátt í því starfi sem þar fer fram á sínum forsendum.

Skipulag dægradvala miðist við aldur og þroska barna frá 1.–4. bekk og skulu skólar gera ráðstafanir til að hvetja alla árganga til þátttöku.

Samvinna frístundastarfs við íþrótt- og tómstundafélög og leikskóla miðar að því að gera vinnudag barna heildstæðan.

Allt starfsfólk dægradvala kemur fram við börnin af virðingu og hlýju.





Innra starf

Að skipulag dægradvala taki mið af faglegum áherslum sem þroski og efli félagsfærni barna og styðji við vinatengsl, meðal annars gegnum hópefli, skipulagða leiki og frjálsan leik. Við skipulag starfsins skal ávallt taka mið af þörfum og áhugasviði hvers aldurshóps.

- Áhersla er lögð á að börnin læri að taka ákvarðanir og eflist og þroskist í félagslegum samskiptum.
- Mikilvægt er að börnin séu virkir þátttakendur í leik og starfi og fái tækifæri til að velja verkefni, vinna í hópum og frjálsum leik.
- Lýðræðisvitund og ábyrgð barna er eflað m.a. með því að börnin taki þátt í að móta dagskrá daglegs starfs. Í þeim tilgangi verði stofnað barnaráð sem fundar reglulega.

Að börnunum verði skapaður heildstæður skóladagur.

- Leitast verði við að skapa samfellu í skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi.
- Stuðlað verði að samvinnu um íþrótt- og tómstundatilboð sem foreldrar geta skráð börn sín í, s.s. tónlistar-, myndlistar- eða leiklistarnám á meðan dægradvöl starfar eftir því sem aðstæður leyfa.
- Stuðlað verði að virkri samvinnu og samráði við íþróttafélög og kynningum á fjölbreyttum íþróttagreinum.

Að samvinna við leikskólann stuðli að samfellu milli skólastiga.

- Börnum sem hefja nám í fyrsta bekk býðst að sækja sumardvöl dægradvala í grunnskólum, sem hefst tveimur vikum fyrir skóla-setningu. Undirbúningur sumardvalarinnar fer fram í samvinnu við leikskólana í hverfinu. Í sumardvölinni gefst börnum og starfsfólki dægradvala kostur á að kynnst áður en aðrir árgangar mæta, í þeim tilgangi að gæta öryggis og vellíðan barnanna.

Að frístundastarf og skóli myndi eina heild.

- Stuðlað verði að aukinni samvinnu milli kennara og starfsfólks dægradvalar, til að styðja við jákvæðan skólaanda, velferð og vellíðan barna og vinna markvisst saman að forvörnum gegn einelti.

- Kennarar taka virkan þátt í faglegu frístundastarfi, t.d. með námskeiðshaldi fyrir börnin.
- Stefnt verði að aukinni samþættingu skóla- og frístundastarfs og að skipulag þess verði samofið stundaskrá nemenda þar sem þess er kostur.

Að stuðlað verði að góðri og lýðræðislegri samvinnu milli heimila og frístundastarfs.

- Starfsáætlun dægradvalar er kynnt í skólaráðum sem veita umsögn um hana.
- Haldnir verði umræðu- og kynningarfundir fyrir foreldra þar sem upplýst er um daglegt starf og skipulag frístundar, helstu vinnureglur og ábyrgð foreldra.
- Upplýsingaflæði til foreldra um daglegt starf verði eftt, s.s. gegnum heimasíður og samfélagsmiðla, og auka möguleika foreldra til virkar þátttöku.

Ytra umhverfi

Að húsnæði fyrir frístundastarf henti starfseminni og allur aðbúnaður sé til staðar til að hægt sé að bjóða upp á krefjandi og skemmtileg verkefni sem hæfa aldri og þroska barnanna.

- Dægradvalir hafi fastar heimastofur í eða við húsnæði skólans sem henta starfinu. Annað húsnæði skólans sé nýtt eins og kostur er og aðstaða og áhöld sem fyrir hendi eru, s.s. bókasöfn og sérgreinastofur.
- Boðið er upp á léttu síðdegishressingu með hollustu að leiðarljósi.
- Leikefni og leikföng eru í samræmi við aldur og áhuga barnanna og til þess fallið að efla þroska og færni þeirra.
- Útinámsstofur skólahverfa eru nýttar til að auðga faglegt starf og skapa fjölbreytni.





Stjórnun og starfsmannamál

Að í dægradvölum vinni vel menntað fólk sem hafi skýra sýn á starfssvið sitt.

- Forstöðumenn dægradvala hafi lokið háskólanámi á sviði tómstundafræða eða á sviði uppeldis- og menntunarfræða sem nýtist í skóla- og frístundastarfi.
- Stefnt skal að því að starfsfólk dægradvala hafi lokið framhaldsskóla og/eða búi yfir reynslu og/eða menntun sem nýtist í starfi.

Að við frístundastarf vinni vel þjálfað starfsfólk sem nýtur góðrar endurmenntunar.

- Lögð er áhersla á þjálfun og símenntun stjórnenda og starfsmanna.
- Starfsfólk dægradvala fá tvo skipulagsdaga á skólaárinu, einn á hvorri önn og eru þeir dagar skipulagðir af forstöðumönnum dægradvala og skólastjórum til símenntunar.
- Í símenntunaráætlun skólans er gert ráð fyrir endurmenntun fyrir stjórnendur og starfsfólk dægradvala.
- Starfsfólk dægradvala sem sinnir börnum með sérþarfir fær viðeigandi þjálfun og leiðsögn innan skólans til að samræmi sé í þjónustu við barnið.
- Nýir starfsmenn í dægradvölum sækja námskeið sem grunnskóladeild skipuleggur árlega.
- Grunnskóladeild menntasviðs stendur fyrir samráðsfundum forstöðumanna, einum á hvorri önn. Á samráðsfundum er fjallað um sameiginleg málefni, s.s. áherslur í innra starfi, rekstrar- og starfsmannamál, samstarf innan og á milli hverfa og stefnumótun.

Mat og eftirlit

Tryggja ber að starfsemi dægradvala sé í samræmi við þær áherslur sem lagðar eru í stefnu-mótun um dægradvalir. Ávallt er unnið að því að auka gæði starfsins og stuðla að umbótum. Mikilvægur liður í því er að veita góðar upplýsingar um starfsemina til foreldra, starfsfólks skóla og bæjaryfirvalda.

- Hver dægradvöl mótar kerfisbundið innra mat á árangur og gæði starfsins. Innra mat skal vera samofið starfseminni og byggja á fjölbreyttum gögnum. Tekið skal mið af viðfangsefnum hverju sinni og mikilvægt að börnin, foreldrar og starfsfólk taki þátt í matinu eftir því sem við á. Innra mat er umbótamiðað og birtist á heimasíðu skóla.
- Kópavogsbær ber ábyrgð á ytra mati dægradvala. Skólanefnd í umboði bæjarstjórnar hefur eftirlit með að starfsemi dægradvala sé í samræmi við samþykktu stefnu bæjarins í málaflokknum. Við ytra mat skal stuðst við margs konar gögn, svo sem tölulegar upplýsingar, starfsáætlun dægradvala, innra mat, vettvangsathuganir og viðhorfskannanir. Matið skal vera umbótamiðað og ábyrgð sveitarstjórna að tryggja að viðeigandi umbætur verði gerðar.



GRUNNSKÓLAR Í KÓPAVOGI

Álfhólsskóli

Hörðuvallaskóli

Kársnesskóli

Kópavogsskóli

Lindaskóli

Salaskóli

Smáraskóli

Snælandsskóli

Vatnsendaskóli



Kópavogsbær
2015